

Kæru umbjóðendur, nú er komið að leiðarlokum. Ég hef ákveðið að segja af mér sem þingmaður Reykvíkinga og þegar þing kemur saman á ný á mánudag mun ég afhenda forseta Alþingis afsagnarbréf mitt.

Ástæður þess mega öllum vera ljósar. Ég tel einfaldlega að umræða um fjármögnun kosningabaráttu minnar í tveimur prófkjörum til borgar og þings árið 2006 og vangaveltur um eðli hennar yfirgnæfi öll mín störf á þingi og geri mér því ókleift að rækja skyldur mínar sem bæri.

Litlu breytir hvort ásakanir um mútur eða spillingu eiga við rök að styðjast. Sjálf veit ég hvað satt er í þeim efnum og áhugasömum er í lófa lagið að fletta upp í fundargerðum afstöðu minni til erindisrekstrar meintra fjármagnseigenda á þessum tíma, þar sem ég á annað borð hafði einhverja aðkomu sem fulltrúi almennings. Það er skýrastur vitnisburður um hverra hagsmuna ég hef gætt.

Í hjarta mínu get ég því ekki beðist afsökunar á að hafa gerst sek um siðspillingu með því að sækjast eftir og fá fjárstyrk frá þessum aðilum á þessum tíma.

Hversu mjög sem tíðarandinn mótar ákvarðanir hvert sinn hefði ég hins vegar mátt vita á sínum tíma að trausti umbjóðenda minna á mínum störfum væri mögulega teflt í tvísýnu með því að sækja fjármagn til fyrirtækja. Gildir þá einu hversu góður hugur lá þar að baki eða hversu vel ég sjálf treysti dómgreind minni og heiðarleika í framhaldinu eða hverslags ljósi er brugðið á veruleikann sem var. Undan því kemst ég ekki og undan því skal ég ekki víkja mér. Ég bið kjósendur afsökunar á að hafa hagað kosningabaráttu minni með þessum hætti og sé eftir að hafa gert það. Málstaður okkar og baráttumál eru heil og sönn og fyrir þetta hafa þau liðið.

Ég vil einnig biðjast velvirðingar á að hafa ekki gert þessa ákvörðun mína opinbera fyrr. Verð ég að játa að persónulegt stolt réði þar miklu, ég kærði mig ekki um að tilkynna þetta undir hrópum um óheiðarleika, siðspillingu og mútupægni. Vildi fá að velja réttan tíma. Réttur tími kemur hins vegar aldrei og hversu mjög sem ég kynni að óska þess eru litlar líkur á að njóta ýtrasta sannmælis.

Enda er það aukaatriði. Aðalatriðið er að gera þær umbætur í samfélaginu sem líklegar eru til að lækna sárin sem hrunið hefur valdið okkur. Til að sátt megi verða þarf víða að brjóta odd af oflæti og leita eftir megni að því sem sameinar okkur sem manneskjur fremur en því sem sundrar. Með það fyrir augum vil ég leggja mitt lóð á vogarskálarnar og stíga til hliðar í þeirri von að kraftar okkar allra beinist fyrst og fremst að uppbyggingu réttláts samfélags.

Með sumarkveðju,  
Steinunn Valdís Óskarsdóttir